**154. löggjafarþing 2023–2024.**
**Þingskjal 1258 — 837. mál.**

# Fyrirspurn

**til mennta- og barnamálaráðherra um skólanámskrár, skólastarf og lestrarkennslu.**

Frá Eyjólfi Ármannssyni.

1. Hvernig er eftirliti ráðherra með innleiðingu og gerð skólanámskráa í grunn- og framhaldsskólum og samræmi þeirra við aðalnámskrá háttað, sbr. 4. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, og 3. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008?
2. Hvernig er eftirliti ráðherra með gæðum skólastarfs háttað?
3. Hvernig er eftirliti og mati á árangri og gæðum lestrarkennslu í grunnskólum háttað?
4. Hvernig eru markmið aðalnámskrár fyrir grunn- og framhaldsskóla útfærð í skólanámskrám og hvernig er eftirliti háttað með því að skólar hafi markmið aðalnámskrár að leiðarljósi?

**Skriflegt svar óskast.**